



VERÐBRÉFAÞING ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/453
komudagur 8.12.197

Reykjavík 5. desember 1997

Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 209.mál, hámark aflahlutdeildar

Verðbréfaþingi Íslands hefur borist bréf Sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 17. nóvember s.l. þar sem óskað er umsagnar VPÍ á frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða, 209. mál, hámark aflahlutdeildar.

VPÍ tekur í sjálfu sér ekki afstöðu til þess hvort setja eigi þak á aflahlutdeild. Í ljósi þess að nær öll stærstu félögin, sem getið er í fylgiskjali 1 með frumvarpinu, eru þegar á eða stefna á almennan hlutabréfamarkað þykir VPÍ ástæða til að gefa álit sitt á nokkrum atriðum út frá hagsmunum hlutabréfamarkaðarins.

Mörk hámarks aflahlutdeildar

Ein af driffjöðrum hlutabréfamarkaðar eru vaxtarmöguleikar félaga, enda má færa fyrir því rök að arðgreiðsla ein og sér geti ekki gert hlutabréfin nægilega áhugaverðan kost til lengdar. Því þarf hlutafélag á markaði að eiga vaxtarmöguleika. Með því að setja þak á hlutdeild er verið að setja þak á vaxtarmöguleika fyrirtækis sem fæst eingöngu við veiðar og það verður því að leita fyrir sér í öðrum greinum eða utan efnahagslögsögunnar. Þess vegna verður að gæta þess að þak á aflahlutdeild sé nægilega rúmt til að gefa hlutafélögum færi á að vaxa og ná stærð sem veitir þeim burði til að sækja í aðrar greinar, aðra vaxtarmöguleika. 8-10% virðist í þessum efnum vera nægilega rúmt.

Skilgreiningar á samanlagðri hlutdeild tengdra aðila

Í 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins (4. mgr. 11. gr. a) eru “tengdir aðilar” skilgreindir og í 1. tl. 4. mgr. er fjallað um “beinan eða óbeinan” eignarrétt að meirihluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar. Í greinargerð eru síðan veittar nánari leiðbeiningar og af lestri hennar má skilja að 2. tl. taki við þar sem ákvæðum 1. tl. sleppir.

Reynsla VPÍ af almennum skilningi markaðar á hugtökunum “bein og óbein eignarhlutdeild” er sú að ganga þarf mjög langt í skýringum á því við hvað er átt til að markmið upplýsingar um eignarhlutdeild nái markmiði sínu. Skýringar greinargerðar ganga lengra en tíðkast hefur og er það vel. Þó má benda á atriði sem ekki er ljóst hvort falli undir skilgreiningar 4. mgr. 1. gr. a. Hér má sem dæmi nefna hluthafasamninga eða aðra samninga um yfirráð eða samræmda afstöðu þótt aðilar séu að öðru leyti undir þeim mörkum sem greind eru í frumvarpinu, samninga um að verja ráðandi minnihluta, t.d. með hjásetu, hvort hlutdeild vegna kaupréttar að hlutabréfum teljist með um leið og samningur um kauprétt er gerður eða hvort slíkt teljist ekki til hlutdeildar fyrr en (ef) kaupréttur er nýttur o.s.frv. Í þessu sambandi má til nánari upplýsinga vísa til tilskipunar 88/627/EBE frá 12. desember 1988 um upplýsingar sem birta skal þegar aflað er eða ráðstafað verulegum eignarhlut í félagi sem skráð er á



verðbréfaþingi en þar er að finna skilgreiningar þeirrar tilskipunar á hugtökum eins og “verulegur eignarhluti”, hvað telja skuli til atkvæðisréttar og “fyrirtæki í yfirráðum”. Það er álit VÞÍ að leitast skuli við að útskýra þessi hugtök mjög vel og hve langt þau ganga til að forðast misskilning og réttaróvissu.

Í frumvarpinu eru “tengsl” jafnframt skilgreind sem svo að þau nái jafnframt til maka og skyldmenna í beinan legg. Segja má að “maki” sé þröngt hugtak og rýmra væri að nota samhliða því hugtakið “sambýlingur” (ef málvitund þingmanna/málfarsráðunauta þeirra leyfir það orð) enda full ástæða til að telja með aðila sem eru í óvígðri sambúð o.þ.h.

Upplýsingar sem veittar eru til Fiskistofu og ákvarðanir hennar

Spurningar vakna varðandi aðgengi almennings að upplýsingum sem veittar eru um eignarhlutdeild til Fiskistofu eða jafnvel opinbera birtingu þeirra, sem óneitanlega myndi veita ákveðið aðhald sem er nauðsynlegt þar sem upplýsingaskyldan hvílir á viðkomandi aðilum. Rétt væri að kveða ótvírætt á um aðgengi almennings og/eða opinbera birtingu Fiskistofu í lagatextanum sjálfum til að tryggja það á ótvíræðan hátt.


Jafnframt er ástæða til að kveða á um að Fiskistofa birti opinberlega ákvarðanir sínar á grundvelli ákvæða 8. mgr. 1. gr. frumvarpsins, vegna félaga sem skráð eru á hlutabréfamarkaði. Ljóst er að upplýsingar sem þessar geta haft áhrif á gengi verðbréfa umræddra félaga og því nauðsynlegt að jafnræðis markaðsaðila sé gætt varðandi birtingu þeirra.

Dreifing eignaraðildar

Ekki er víst að ákvæði frumvarpsins um eignaraðild gangi nægilega langt ein og sér og kann að vera að ekki þurfi stóran hóp samstilltra fjárfesta til að búa til “klasa” félaga. Slíkt þyrfti ekki að brjóta beint gegn ákvæðum laganna en gengi þó gegn anda þeirra. Til greina kæmi að taka mið af skilgreiningu VÞÍ á nægilegri dreifingu hlutafjár í félagi (sjá meðfylgjandi ljósrit), t.a.m. að setja lágmarks hlutafjäreign almennra hluthafa þannig að almennir hluthafar verði að eiga a.m.k. 15% eða einhverja aðra tölu.

Einnig kemur til greina að setja það sem skilyrði fyrir 10% hlutdeild að félag sé skráð á skipulegum verðbréfamarkaði og falli þannig einnig undir upplýsingaskyldu og annað slíkt aðhald, auk kvaða um dreifingu hlutafjár. Þar með verður t.a.m. yfirtaka dýrari þ.e. ef ákvæði V. kafla frumvarps til laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða öðlast lagagildi. Ef einn hluthafi gerir þannig yfirtökutilboð í félag í heild sinni í samræmi við ákvæði þess frumvarps myndi félagið sjálfkrafa missa 20% kvótans (úr 10% í 8%) þar sem heildareign er komin á hans hendur og undanþáguheimild á ekki lengur við. Þetta myndi því jafnframt núverandi ákvæðum frumvarpsins hamla gegn samþjöppun.

**Virðingarfyllt
f.h. Verðbréfaþings Íslands**


Helga Hlin Hákonardóttir, lögfr.

Reglur um skráningu verðbréfa á Verðbréfaþingi Íslands

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Á Verðbréfaþingi Íslands er unnt að skrá hlutabréf, samvinnuhlutabréf, skuldabréf, hlutdeildarskírteini, heimildarskírteini, sem og önnur verðbréf sem stjórn Verðbréfaþings Íslands (hér eftir nefnt VÞÍ) samþykkir hverju sinni.

Sækja þarf um skráningu verðbréfa flokka á VÞÍ í samræmi við reglur þessar og viðauka við þær.

Að móttækinni umsókn metur stjórn VÞÍ hvort útgefandi og verðbréf hans uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir skráningunni og lýst er hér á eftir.

2. gr.

Verðbréfin og útgefandi þeirra skulu uppfylla lagaleg skilyrði, sem og skilyrði reglugerða og reglna sem gilda um útgefanda, starfsemi hans og verðbréfin þar á meðal samkvæmt samþykktum.

Skráningin þarf, að mati stjórnar VÞÍ, að vera til þess fallin að þjóna hagsmunum almennings og verðbréfamarkaðarins.

3. gr.

Viðskipti með verðbréfin skulu vera án takmarkana. Stjórn VÞÍ getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði, enda trufli slíkar takmarkanir ekki viðskipti með verðbréfin á nokkurn hátt.

4. gr.

Um leið og útgefandi hefur tekið ákvörðun um að sækja um skráningu verðbréfa á VÞÍ skal hann óska eftir fundi með VÞÍ til þess að skipuleggja vinnu í tengslum við skráninguna.

II. KAFLI

Skilyrði fyrir skráningu hlutabréfa

5. gr.

Þegar félag sækir um skráningu í fyrsta sinn getur það sótt um skráningu á aðallista eða vaxtarlista. Uppfylli félag skilyrði fyrir skráningu verðbréfa á aðallista er ekki unnt að fá verðbréfin skráð á vaxtarlista.

6. gr.

Í flokki hlutabréfa skulu allir hluthafar njóta sömu réttinda. Með flokki hlutabréfa er átt við einsleit hlutabréf þar sem réttindi eigenda og skilmálar hlutabréfa og samþykktu eru að öllu leyti hin sömu.

Sækja skal um skráningu á öllu útgefnu hlutafé í viðkomandi flokki hlutabréfa. Stjórn VÞÍ getur veitt undanþágu frá þessu mæli rök með því, enda séu skilyrði skv. 2. mgr. 9. gr. eða 2. mgr. 10. gr., um dreifingu eignarhalds hlutabréfaflokks sem óskað er skráningar á, uppfyllt.

7. gr.

Samsetning stjórnar og lykilstjórnenda, sem og uppbygging upplýsingakerfa félags, skal, að mati stjórnar VPÍ, vera þannig að líklegt sé að félagið geti uppfyllt kröfur VPÍ og gefið raunsæja mynd af rekstri félagsins.

Stjórn VPÍ er heimilt að fresta eða hafna skráningu telji hún að félag sé ekki rekstrarvænlegt.

8. gr.

Með hæfilegum fyrirvara áður en að skráningu kemur skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt hvort sem sótt er um skráningu á aðallista eða vaxtarlista:

1. félag skal hafa undirritað samning við VPÍ um skráningu hlutabréfanna á VPÍ;
2. lögð skal fram skráningarlýsing í samræmi við ákvæði VII. kafla reglna þessara og viðauka við þær;
3. ársreikningar (samstæðureikningar ef við á) skulu vera aðgengilegir almenningi og hægt skal vera að nálgast þá hjá félaginu án endurgjalds;
4. samþykktir skulu vera aðgengilegar almenningi og hægt skal vera að nálgast þær hjá félaginu án endurgjalds;
5. leggja skal fram lista yfir innherja samkvæmt reglum VPÍ um viðvarandi upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa;
6. hluthafafundir skulu vera opnir fjölmíðlum;
7. hlutafé skal vera að fullu greitt.

9. gr.

Aðallisti

Stærð

Aætlað markaðsvirði hlutabréfaflokks sem sótt er um að skráður verði á aðallista skal að lágmarki vera 600 milljónir króna.

Dreifing

Dreifing eignarhalds hlutabréfaflokks sem sótt er um skráningu á skal vera þannig að a.m.k 25 % hlutabréfanna og atkvæðisréttar séu í eigu almennra fjárfesta. Með almennum fjárfestum er átt við aðra aðila en stjórn, lykilstjórnendur og einstaka hluthafa sem eiga 10% eða meira, sem og aðila fjárhagslega tengda þeim, svo sem maka, sambýlinga og ólögráða börn, svo og móður-/dótturfélög.

Eignarhald almennra fjárfesta skal dreifast á að minnsta kosti 300 hluthafa.

Stjórn VPÍ getur við skráningu veitt tímabundna undanþágu frá skilyrðum um dreifingu, mæli rök með því.

Aldur

Félag sem sótt er um skráningu á verður að geta lagt fram endurskoðaða ársreikninga fyrir þrjú heil ár (3x12 mánuðir) sem ná til allra helstu þátta þess rekstrar sem félag stundar þegar sótt er um skráningu.

10. gr. Vaxtarlisti

Stærð

Áætlað markaðsvirði hlutabréfaflokks sem sótt er um skráður verði á vaxtarlista skal að lágmarki vera 60 milljónir króna.

Dreifing

Dreifing eignarhalds hlutabréfaflokks sem sótt er um skráningu á skal vera þannig að a.m.k. 15 % hlutabréfanna og atkvæðisréttar séu í eigu almennra fjárfesta. Með almennum fjárfestum er átt við aðra aðila en stjórn, lykilstjórnendur og einstaka hluthafa sem eiga 10% eða meira, sem og aðila fjárhagslega tengda þeim, svo sem maka, sambýlinga og ólöggráða börn, svo og móður-/dótturfélög.

Eignarhald almennra fjárfesta skal dreifast á að minnsta kosti 25 hluthafa.

Stjórn VÞÍ getur við skráningu veitt tímabundna undanþágu frá skilyrði um dreifingu, mæli rök með því.

Aldur

Félag sem sótt er um skráningu á verður að geta lagt fram endurskoðaðan ársreikning fyrir eitt ár (tölf mánuði) sem nær til allra helstu þátta þess rekstrar sem félagið stundar þegar sótt er um skráningu.

Stjórn VÞÍ getur við skráningu veitt undanþágu frá skilyrði um aldur, mæli rök með því.

11. gr.

Umsókn um skráningu hlutabréfa á aðallista og vaxtarlista

Í umsókn um skráningu skal gefa stutta lýsingu á félaginu, starfsemi þess og markmiði skráningarinnar. Einnig skulu upplýsingar um eftirfarandi atriði koma fram:

1. hlutafé og dreifingu þess, þar með talinn fjöldi hluthafa;
2. hlutafjareign stærstu hluthafa og aðila fjárhagslega tengda þeim, svo sem maka, sambýlinga og ólöggráða börn;
3. útboð, ef það er fyrirhugað samhliða skráningu, ásamt upplýsingum um fjárhæð þess og helstu skilmála;
4. milligönguaðila við VÞÍ vegna skráningar og umsjónaraðila útboðsins ef við á;
5. fulltrúa félagsins gagnvart VÞÍ.

Umsóknin skal undirrituð af stjórn félagsins eða öðrum sem til þess hefur umboð stjórnar.

Upplýsingar í umsókn skulu settar fram með þeim hætti sem VÞÍ telur þurfa í hverju tilviki fyrir sig.

12. gr.

Fylgigögn umsóknar um skráningu á aðallista og vaxtarlista

Umsókn um skráningu hlutabréfa skulu að auki fylgja:

1. drög að skráningarlýsingu, ásamt útfylltum gátlista í samræmi við viðauka með þessum reglum;
2. endurskoðaðir ársreikningar félagsins undanfarin þrjú ár sé um aðallista að ræða en að lágmarki eitt ár sé um vaxtarlista að ræða, sbr. þó 6. mgr. 10. gr., áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Ef liðnir eru meira en sjö mánuðir frá lokum næstliðins reikningsárs skal einnig fylgja uppgjör sem nær til a.m.k.

sex mánaða. Uppgjörið skal þó ekki vera eldra en svo að fjórir mánuðir séu liðnir frá lokum þess tímabils sem það tekur til;

3. staðfesting á skráðu hlutafé félagsins frá fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands;
4. gildandi samþykktir félagsins;
5. tímaáætlun vegna skráningarinnar sem unnin hefur verið í samráði við VÞÍ.

VÞÍ er heimilt að óska þess að lögð séu fram flekari gögn sem talið er að geti haft þýðingu vegna skráningar hlutabréfanna.

13. gr.

Hækkun hlutafjár skráðs félags

Skráð félag skal upplýsa VÞÍ um allar fyrirhugaðar breytingar á fjármögnun félagsins í samræmi við reglur um viðvarandi upplýsingaskyldu.

Þegar um er að ræða hækkun hlutafjár gegn endurgjaldi skal félag sækja um skráningu á hinu nýja hlutafé samkvæmt reglum þessum og viðaukum við þær um leið og viðskipti með þau geta hafist eða innan þriggja mánaða frá því að bréfin voru gefin út.

Þegar um er að ræða hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarbréfa án endurgjalds skal félag tilkynna VÞÍ um ákvörðunina án tafar í samræmi við reglur um viðvarandi upplýsingaskyldu útgefanda. VÞÍ skráir hin nýju hlutabréf þegar tilkynning um ákvörðunina hefur borist.

Fari skráð félag í útbod á hlutabréfum skal leitast við að hafa sölutímabilið eins stutt og unnt er og aldrei lengra en einn mánuð. Hlutabréfasjóðum er þó heimilt, að fengnu samþykki VÞÍ, að hafa sölutímabilið allt að einu ári.

14. gr.

Breytingar á rekstrarformi eða starfsemi

Ef mikils háttar breytingar verða á rekstrarformi félagsins eða starfsemi þess að öðru leyti, þannig að líta megi á það sem nýtt fyrirtæki, getur VÞÍ ákveðið að félagið þurfi að sækja um skráningu að nýju.

15. gr.

Flutningur milli lista

Uppfylli félag sem skráð er á vaxtarlista skilyrði 9. gr. um skráningu á aðallista ber því að senda VÞÍ staðfestar upplýsingar þar að lútandi innan sex mánaða frá því að félaginu verður kunnugt um að skilyrðin séu uppfyllt. Bréf félagsins verða þá flutt á aðallista innan þess tímafrests sem VÞÍ ákvarðar.

Uppfylli félag sem skráð er á aðallista ekki lengur skilyrði 9. gr. um skráningu á aðallista skal það tilkynnt VÞÍ um leið og félaginu er kunnugt um það. Félagið skal innan sex mánaða uppfylla skilyrði 9. gr. að nýju og senda VÞÍ staðfestar upplýsingar þar að lútandi, ella verða bréf félagsins flutt á vaxtarlista innan þess tímafrests sem VÞÍ ákvarðar, enda uppfylli félagið skilyrði 10. gr. um skráningu á vaxtarlista.

III. KAFLI

Skilyrði fyrir skráningu skuldabréfa

16. gr.

Sækja skal um skráningu á öllum útgefnum skuldabréfum í viðkomandi flokki skuldabréfa. Með flokki skuldabréfa er átt við einseit skuldabréf þar sem réttindi eigenda og skilmálar skuldabréfanna að öllu leyti eru hin sömu.

17. gr.

Stærð skuldabréfaflokks

Áætlað markaðsvirði skuldabréfaflokks skal að lágmarki vera 100 milljónir króna.

Stjórn VPÍ getur leyft að skráðir séu minni flokkar skuldabréfa ef líkur eru á nægum markaði og viðskiptum með bréfin þannig að eðlileg verðmyndun geti átt sér stað.

18. gr.

Umsókn um skráningu skuldabréfaflokks

Í umsókn um skráningu skuldabréfaflokks skal gefa almennar upplýsingar um:

1. útgefanda, starfsemi hans og ástæður þess að sótt er um skráningu;
2. skuldabréfaflokk þann sem sótt er um skráningu á;
3. útbod, ef það er fyrirhugað samhliða skráningu, ásamt upplýsingum um fjárhæð þess og skilmála;
4. milligönguaðila útgefanda við VPÍ vegna skráningar og umsjónaraðila útgáfunnar.

19. gr.

Fylgigögn með umsókn um skráningu skuldabréfaflokks

Með umsókn um skráningu skuldabréfa skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. drög að skráningarlýsingu í samræmi við ákvæði VII. kafla reglna þessara og viðauka við þær;
2. útfyllt eyðublað, í samræmi við viðauka með reglum þessum, með upplýsingum um skilmála flokksins;
3. tímaáætlun vegna skráningar sem unnin hefur verið í samráði við VPÍ;
4. áskriftareyðublöð ef skuldabréf hafa verið seld eða munu verða seld samkvæmt áskriftarfyrirkomulagi.

Ef ekki eru skráð önnur verðbréf útgefandans á VPÍ þegar sótt er um skráningu skuldabréfaflokks skulu að auki fylgja:

1. tveir síðustu endurskoðaðir ársreikningar;
2. gildandi samþykktir útgefanda, ef við á.

20. gr.

Með hæfilegum fyrirvara áður en að skráningu skuldabréfa kemur skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

1. útgefandi skal hafa undirritað skráningarsamning við VPÍ;
2. lögð skal fram skráningarlýsing í samræmi við ákvæði VII. kafla reglna þessara og viðauka við þær;

3. ársreikningar skulu aðgengilegir almenningi og unnt skal vera að nálgast þá hjá útgefanda án endurgjalds;
4. samþykktir skulu vera aðgengilegar almenningi og hægt skal vera að nálgast þær hjá félaginu án endurgjalds.

IV. KAFLI

Skilyrði fyrir skráningu hlutdeildarskrifteina

21. gr.

Verðbréfasjóður sem sótt er um skráningu á skal hafa hlotið starfsleyfi viðskiptaráðherra á grundvelli II. kafla laga um verðbréfasjóði nr. 10 frá 5. mars 1993 með síðari breytingum.

Áætlað markaðsverðmæti sjóðsins skal vera að minnsta kosti 100 milljónir króna.

22. gr.

Umsókn

Umsókn skulu fylgja drög að skráningarlýsingu í samræmi við reglur Seðlabanka Íslands um útboðslýsingar verðbréfasjóða, nú reglur nr. 616 frá 22. nóvember 1996, og tímaáætlun sem unnin hefur verið í samráði við VPÍ.

23. gr.

Með hæfilegum fyrirvara áður en að skráningu kemur skulu eftirlifrandi skilyrði uppfyllt:

1. rekstrarfélag fyrir hönd útgefanda skal hafa undirritað skráningarsamning við VPÍ;
2. lögð skal fram skráningarlýsing í samræmi við ákvæði VII. kafla reglna þessara og reglur Seðlabanka Íslands, nú nr. 616 frá 22. nóvember 1996, um útboðslýsingar verðbréfasjóða;
3. ársreikningar skulu aðgengilegir almenningi og unnt skal vera að nálgast þá hjá rekstrarfélagi án endurgjalds;
4. samþykktir skulu vera aðgengilegar almenningi og hægt skal vera að nálgast þær hjá rekstrarfélagi án endurgjalds.

V. KAFLI

Önnur verðbréf

24. gr.

Um skilyrði fyrir skráningu á öðrum verðbréfum, svo sem breytanlegum/skiptanlegum skuldabréfum, heimildarskrifteinum fyrir hlut, áskriflarréttindum og fleira, gilda ofangreindar reglur og viðaukar eins og við á eftir ákvörðun VPÍ hverju sinni.

Verðbréfin verða ekki skráð nema hlutabréf viðkomandi félags séu skráð á opinberum eða viðurkenndum markaði. VPÍ getur veitt undanþágu frá þessu skilyrði ef hún telur nægjanlegar upplýsingar liggja fyrir um útgefandann til að eðlileg verðmyndun geti átt sér stað á bréfunum.

VI. KAFLI

Afgreiðsla umsóknar

25. gr.

Þegar VPÍ hefur móttengið umsókn og fylgigögn eins og að framan greinir fer VPÍ yfir gögnin. Framvinda afgreiðslunnar skal vera í samræmi við þá tímaáætlun sem gerð hefur verið í samráði við VPÍ.

Stjórn VPÍ samþykkir, vísar frá eða hafnar umsókn með skriflegu svari eins fljótt og unnt er, þó aldrei síðar en tveimur mánuðum frá því að fullbúin umsókn var lögð fram. Stjórn VPÍ rökstyður ástæður eða skilyrði ákvörðunar ef umsókn er ekki tekin til greina að öllu leyti.

26. gr.

Fyrsti skráningardagur

Skráning getur ekki farið fram fyrir en öll skilyrði eru uppfyllt í samræmi við reglur VPÍ og verðbréfin eru útgefin.

Ef útbod fer fram samhlíða því að sótt er um skráningu á VPÍ getur skráning ekki átt sér stað fyrir en í fyrsta lagi við lok áskriftartímabils.

VII. KAFLI

Skráningarlýsingar

27. gr.

Efni skráningarlýsinga

Skráningarlýsing skal innihalda allar þær upplýsingar sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að mynda sér skoðun á útgefanda og verðbréfum hans. Um er að ræða meðal annars upplýsingar um verðbréfin sjálf og réttindi tengd þeim, starfsemi útgefanda, eigið fé og fjárhagsstöðu hans, áhættuþætti í rekstrinum, framtíðarhorfur í rekstri útgefanda, helstu stjórnendur og sérstök réttindi þeirra hjá útgefanda.

Þær upplýsingar sem fram koma í skráningarlýsingu geta verið mismunandi eftir eðli starfsemi og stöðu útgefanda. Yfirlit yfir þær upplýsingar sem að lágmarki skulu koma fram er að finna í viðaukum með reglum þessum.

Ef birting tiltekinnna upplýsinga í skráningarlýsingu getur talist skaðleg fyrir útgefanda eða hluthafa getur VPÍ veitt undanþágu frá birtingu þeirra, enda skaði það að mati VPÍ ekki hagsmunum verðbréfamarkaðarins.

28. gr.

Ábyrgð á skráningarlýsingu

Stjórn útgefanda ber að sjá til þess að skráningarlýsing innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar þannig að gefin sé fullnægjandi mynd af útgefanda og verðbréfum hans í samræmi við reglur þessar og viðauka við þær.

Stjórn útgefanda skal undirrita yfirlýsingu þess efnis að upplýsingar í skráningarlýsingunni séu eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif getur haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Umsjónaraðili skal undirrita yfirlýsingu þess efnis að hann hafi aflað þeirra gagna sem að hans mati voru nauðsynleg til þess að skráningarlýsingin gæfi rétta

mynd af útgefanda og verðbréfum hans og að hans mati sé engu atriði sleppt sem áhrif getur haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Yfirlýsing endurskoðanda útgefanda skal jafnframt fylgja, þess efnis að hann (þeir) hafi endurskoðað þá ársreikninga útgefanda, milliuppgjör og/eða forsendur rekstraráætlunar, ef við á, sem birt eru í skráningarlýsingu og að upplýsingar í skráningarlýsingunni er varða reikningsskil séu í samræmi við reikningana.

29. gr.

Birting skráningarlýsingar

Sendi skal VÞÍ endanlega skráningarlýsingu sem VÞÍ hefur samþykkt í tíu eintökum. Heimilt er þó að senda VÞÍ eitt eintak af skráningarlýsingunni á ápreiðanlegu formi ásamt einu eintaki á rafrænu formi. Einnig skal senda hverjum þingaðila að minnsta kosti eitt eintak.

Skráningarlýsingu skal birta annaðhvort í heild sinni eða vekja athygli á tilvist hennar og því hvar almenningur getur nálgast hana án endurgjalds, í að minnsta kosti einu dagblaði sem hefur almenna dreifingu.

Skráningarlýsingu skal birta annaðhvort í heild sinni eða vekja athygli á henni sbr. 2. mgr. í síðasta lagi fjórum dögum fyrir fyrsta skráningardag eða fyrsta sölundag í útboði, sbr. þó undanþáguheimild í 6. mgr. þessarar greinar. Ef útboð fer fram samhliða skráningu getur það ekki hafist fyrr en skráningarlýsing hefur verið birt.

Öll gögn, svo sem auglýsingar, bæklingar og bréf sem útgefandi, eða annar aðili fyrir hans hönd, hefur gefið út vegna skráningar eða útboðs, og lýsa útgefanda og verðbréfum hans, skal að auki senda VÞÍ. Í slíkum gögnum skal alltaf geta þess hvar nálgast megi skráningarlýsingu. Að öðru leyti má ekki í þessum gögnum felast neins *konar hvatning* eða *áróður* fyrir því að *almennings kaup* verðbréf útgefanda.

Ef útboð fer fram samhliða skráningu skulu áskriftarblöð alltaf vera hluti af skráningarlýsingunni sjálfri. Óheimilt er að senda áskriftarblöð ein sér eða sem fylgigögnum með skráningarlýsingu skv. 4. mgr.

Ef útboð fer fram samhliða skráningu getur VÞÍ í sérstökum tilvikum samþykkt að birt sé bráðabirgðaskráningarlýsing áður en útboð hefst. Í slíka lýsingu má þó aðeins vanta smávægilegar upplýsingar, til dæmis um verð og stærð útboðs. Í slíkri lýsingu skal koma fram hvar og hvenær endanleg skráningarlýsing verði birt og hvaða viðbótarpplýsingar hún nuni innihalda. Endanleg skráningarlýsing skal þó liggja fyrir eigi síðar en að morgni fyrsta sölundags.

30. gr.

Nýjar upplýsingar

Komi fram nýjar upplýsingar sem máli geta skipt um mat á útgefanda eða verðbréfum hans frá því að skráningarlýsing var birt þar til verðbréfin eru tekin á skrá skal útbúa viðauka við skráningarlýsingu þar sem greint er frá hinum nýju upplýsingum. VÞÍ þarf að samþykkja þennan viðauka.

Viðauka við skráningarlýsingu skal gera aðgengilegan almenningi og birta á sama hátt og getið er í 1. og 2. mgr. 29. gr. reglna þessara.

31. gr.

Tungumál

Skráningarlýsingar skulu vera á íslensku.

Mæli ríkar ástæður með getur VÞÍ veitt undanþágu frá 1. mgr. að hluta eða öllu leyti, svo sem vegna skráningarlýsingar skv. 32. gr. reglna þessara.

32. gr.

Gagnkvæm viðurkenning

VPÍ getur viðurkennt skráningarlysingar sem samþykktar hafa verið af lögbærum yfirvöldum á Evrópska efnahagssvæðinu allt að þremur mánuðum áður en óskað er eftir skráningu viðkomandi verðbréfa á VPÍ.

VPÍ getur ákveðið að skráningarlysingar skv. 1. mgr. skuli innihalda til viðbótar sérstaklega upplýsingar um íslenska markaðinn, svo sem um skattamál, fjármálastofnanir sem annast greiðslur og fleira. Einnig skal vekja sérstaka athygli á atriðum sem varða réttindi eigenda bréfanna á grundvelli annarra réttarreglna en íslenskra og eru ekki í samræmi við íslenskar réttarreglur.

VPÍ getur krafist þess að skráningarlysingar samkvæmt þessari grein séu þýddar á íslensku af löggiltum skjalabýðanda.

33. gr.

Undanþágur frá birtingu skráningarlysingar

VPÍ getur í sérstökum tilvikum veitt undanþágu frá birtingu skráningarlysingar, enda hafi að mati VPÍ verið birtar nægjanlegar upplýsingar um verðbréfin.

VIII. KAFLI

Önnur ákvæði

34. gr.

Útgefandi skal greiða stofngjald þegar skráning fer fram og árgjald meðan á skráningu stendur samkvæmt gildandi gjaldskrá VPÍ hverju sinni.

35. gr.

Hafni stjórn VPÍ umsókn um skráningu verðbréfaflokks er umsækjanda heimilt að leggja slíka ákvörðun fyrir gerðardóm samkvæmt lögum nr. 53/1989 um sanningsbundna gerðardóma. Hið sama á við ef stjórn VPÍ ákveður að taka verðbréfaflokk af skrá.

Hvor aðili um sig skipar einn fulltrúa í gerðardóminn. Oddamaður skal skipaður af dómsstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur.

Kostnaður vegna gerðardómsins skiptist á aðila málsins í því hlutfalli sem oddamaður dómsins ákveður.

Málsaðilar eru að öllu leyti bundnir við gerðina.

36. gr.

Komi sú staða upp hjá útgefanda að verðmyndun er af einhverjum orsökum óviss, svo sem vegna óvissu um framtíð útgefandans, vegna þess að tilteknar upplýsingar liggja ekki fyrir og/eða að um brot á upplýsingaskyldu er að ræða, getur stjórn VPÍ ákveðið að setja verðbréfaflokk(a) viðkomandi útgefanda tímabundið á athugunarlista.

Í sérstökum tilvikum getur VPÍ, samkvæmt beiðni frá útgefanda og að því tilskildu að VPÍ fallist á rök fyrir þeirri beiðni, flutt verðbréfaflokk(a) útgefandans á athugunarlista.

37. gr.

Telji VPÍ að útgefandi uppfylli ekki lengur reglur þessar eða ákvarðanir VPÍ sem teknar eru á grundvelli þeirra skal gera honum grein fyrir því. Í samræmi við

5. gr. samnings VPÍ og viðkomandi útgefanda vegna skráningar verðbréfa á VPÍ getur VPÍ ákveðið að:

1. krefjast upplýsinga frá viðkomandi útgefanda;
2. setja verðbréf viðkomandi útgefanda tímabundið á athugunarlista;
3. birta opinbera yfirlýsingu varðandi umrætt mál;
4. setja skilyrði um eða stöðva viðskipti með verðbréf útgefanda. Slík stöðvun viðskipta getur verið tímabundin eða í óákveðnum tíma;
5. ákveða sektir á hendur útgefanda sem geta numið allt að tíuföldu árgjaldi útgefanda vegna skráningar verðbréfa hans á VPÍ;
6. taka verðbréf útgefanda af skrá VPÍ um tíma eða fyrir fullt og allt. Verðbréf verða einungis tekin af skrá samkvæmt ákvörðun stjórnar VPÍ.

38. gr.

Seð bú útgefanda tekið til gjaldþrotaskipta skulu skráð verðbréf hans tekin af skrá VPÍ.

39. gr.

Stjórn útgefanda getur óskað þess að skráð verðbréf hans séu tekin af skrá VPÍ. Stjórn VPÍ skal verða við því að fenginni skriflegri greinargerð fyrir þeirri ósk.

Stjórn VPÍ er þó heimilt að fresta því í eitt ár frá því að fullbúin greinargerð berst VPÍ að taka verðbréf af skrá skv. 1. mgr. Enn fremur getur stjórn VPÍ ákveðið að birta greinargerðina í heild eða að hluta.

40. gr.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara reglna skulu ákvarðanir stjórnar VPÍ gilda í hverju tilviki.

41. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til laga nr. 11 frá 5. mars 1993 um Verðbréfaþing Íslands, sbr. lög nr. 22/1996, og skráningarsamnings milli VPÍ og útgefanda verðbréfa, taka gildi hinn 3. desember 1997. Jafnframt falla úr gildi reglur um skráningu skuldabréfa á Verðbréfaþingi Íslands, reglur um skráningu hlutabréfa á Verðbréfaþingi Íslands og reglur um skráningu hlutdeildarskírteina á Verðbréfaþingi Íslands frá 1. júlí 1993.

Ákvæði til bráðabirgða

I.

Útgefendur verðbréfa sem skráð eru á VPÍ við gildistöku reglna þessara skulu uppfylla skilyrði þeirra eigi síðar en 1. júní 1998.

Útgefendur hlutabréfa sem skráð eru á VPÍ við gildistöku reglnanna skulu uppfylla ákvæði um stærð, dreifingu og aldur skv. 9. gr. fyrir 1. desember 1998, annars munu verðbréf þeirra verða flutt á vaxtarlista, án frekari aðlögunartíma.

II.

Ákvæði VI. og VII. kafla reglna um skráningu hlutabréfa á Verðbréfaþingi Íslands og ákvæði V. til og með VIII. kafla reglna um skráningu skuldabréfa á Verðbréfaþingi Íslands frá 1. júlí 1993 skulu halda gildi sínu þar til nýjar reglur VPÍ um upplýsingaskyldu útgefanda taka gildi.

Reykjavík 1. desember 1997.
Verðbréfaþing Íslands

